

Konur í sjávarútvegi KIS starfsárið 2017-2018

Nú er komið nýtt kvótaár og það þýðir nýtt starfsár hjá KIS, félagi Kvenna í sjávarútvegi. Félagið hefur nú starfað í fimm ævintýrlegum árum og vex og dafnar vel. Hátt í þriðjundruð konur eru í félaginu og starfa hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Stjórn síðasta starfsárs skipuðu: Freyja Önundardóttir formaður. Auður Sveinsdóttir, Guðrún Arndís Jónsdóttir, Kristín Helgadóttir, Marinella Haraldsdóttir, Snæfríður Einarsdóttir, Tinna Hrud Birgisdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir

Fagræð hefur verið stjórninni til halds og trausts að þessu sinni skipa fagræðið: Birna Einarsdóttir, Halla Tómasdóttir, Hrud Gunnsteinsdóttir og Jens Garðar Helgason. Það er mikill fengur fyrir félagið að hafa öflugum og hvetjandi ráðgjafa sem þessa.

Fyrir ári síðan stóð félag kvenna í sjávarútvegi á tímamótum. Niðurstöður viðamikillar rannsóknar á stöðu kvenna í sjávarútvegi var tilbúin til birtingar. Hvergi var betur við hæfi að birta niðurstöðurnar en á Sjávarútvegssýningunni þar sem fjöldi manns kom við á básnum okkar og kynnti sér niðurstöðurnar og starfseminu og enn fjölgaði konum í félaginu. Fjölmíðlar sýndu KIS mikinn áhuga og við, ásamt alþjóðlegum samtökum kvenna í sjávarútvegi WSI fengum jákvæða umfjöllun. Viðtöl við KIS konur voru í blöðum, sjónvarpi, útvarpi og á vefmiðlum.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru um margt áhugaverðar og margar hverjar sláandi en í þeim eru jafnframt tækifæri til að læra af, bæta og breyta. Á heimasíðu félagsins kis.is má finna rannsóknina í heild sinni og á facebook síðu félagsins Konur í sjávarútvegi má sjá myndbönd þar sem framámenn í sjávarútvegi tjá sig um niðurstöðurnar og velta fyrir sér framtíðinni.

Við nýtum þau tækifæri sem gefast til að kynna niðurstöðurnar og vekja athygli á félaginu. Á málþingi Faxaflóahafna og hjá Vitafélaginu flutti Guðrún Arndís Jónsdóttir stjórnarkona kynningu á félaginu, tilgangi og niðurstöðum rannsóknarinnar. Á Sjávarútvegsráðstefnu í Hörpu nóvember bauð Íslandsbanki, bakhjarl okkar frá upphafi, okkur að vekja athygli á rannsókninni, sýna kynningarmyndböndin og koma félaginu á framfæri. Félagskonur voru sérstaklega boðnar á lokahóf þar

sem við fjölmenntum og má segja að konur hafi verið sýnilegri en oft áður á þessum vettvangi.

Formaður félagsins tók þátt í ráðstefnunni Auður Austurlands um mikilvægi framlags kvenna í atvinnu og verðmætasköpun. Halla Tómasdóttir, Raket Sveinsdóttir formaður FKA og formaður KIS, ásamt austfirskum áhrifa-konum ræddu um stöðu jafnréttis og tækifæri til breytinga. Málstofa sem þessi er frábær vettvangur til að styrkja tengslanet og hvetja konur og karla til jafnréttis. Með þátttöku í ráðstefnunni mynduðust tengsl við konur sem eru að gera góða hluti. Þau tengsl hafa nú þegar orðið félaginu okkar til framdráttar og eru tækifæri til meiri samvinnu í framtíðinni.

Heimsóknir í fyrirtæki og fræðsla er stór hluti af starfi félagsins. Í vetur heimsóttum við Úthafsskip og kynntumst starfsemi þeirra. Brim bauð í heimsókn og við fórum um borð í frystitogarann Guðmund í Nesi. KPMG bauð til morgunverðarfundar og kynningar á Lean-Straumlinustjórnun. Akkerið sem er óformlegur hittingur KIS kvenna, að loknum vinnudegi einu sinni í mánuði var á sínum stað.

Hápunktur hvers starfsárs er vorferðin, ómetanleg leið til að kynnast og treysta böndin. Full rúta af kátum konum sáu til sólar þegar þær lögðu af stað í enn eina snilldarferðina. Að þessu sinni héldum við á Reykjanesið með viðkomu í Marel. Fræddumst um fiska og fleira í tilraunaeldisstöð Hafnarrannsóknarstofnunar, heimsóttum Vísi og Þorbjörninn í Grindavík og kynntumst mat og menningu á staðnum. Góð ferð en engin gisting að þessu sinni þar sem næsti dagur var ætlaður fyrir viðburði í Reykjavík. Snemma næsta dag vorum við mættar í heimsókn hjá Capacent þar sem Þórey Vilhjálmisdóttir kynnti fyrir okkur jafnréttisvísi sem er verkfæri fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja stuðla að vitundarvakningu um jafnréttismál og móta skýr markmið í framhaldinu. Þarna sagði Ragna Árnadóttir einnig sína reynslu af breytingum til jafnréttis. Næsti áfangastaður var Iðnó og Anna Steinsen með skemmtilegt hópefli. Afar vel heppnaðir dagar og endurnærðar KIS konur fullar af eldmóði héldu út í vorið.

Félagið hefur í gegnum tíðina notið velvilja og fengið hvatningu og stuðning innan



sjávarútvegsins. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi SFS hafa sýnt það í verki með því að styrkja félagið fjárhagslega, veita hvatningarverðlaun og styðja starfið. Á ársfundi SFS í maí var málstofa fyrir félagsmenn þar sem útgangspunkturinn var hvort ávinningur væri í því að fjölga konum innan geirans. Formaðurinn var fulltrúi kvenna í sjávarútvegi í pallborðsumræðum þar sem færð voru rök fyrir mikilvægi þess að beita markvissum aðferðum til að laða konur og ungt fólk inn í geirann og ótvíræðan ávinning af því. Leiðir og tækifæri voru rædd og vilji og skilingur er fyrir hendi. Sjávarútvegurinn er framtakksamur og metnaðarfullur og þar láta menn sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Nú er tækifæri er til að stíga stórt skref, setja sér háleit markmið og standa við þau. Hugsum stórt, verum fyrirmyndir og frumkvöðar í jafnrétti og gerum sjávarútveginn aðlaðandi fyrir ungt fólk af báðum kynjum.

Það er litið til Íslands þegar kemur að jafnrétti kynjanna og félagið okkar er fyrirmynd annarra þjóða, það finnum við vel. Fyrsta aljóðlega ráðstefnan um konur í sjávarútvegi er á vegum spænska sjávarútvegsráðuneytisins í Santiago de Compostela á Spáni í byrjun nóvember. Núverandi formanni var boðið að taka þátt og ætla að nýta tækifærið til að kynna félagið, starfið og hverjar áherslur okkar eru til að bæta stöðu kvenna í sjávarútvegi. <https://servicio.pesca.mapama.es/cimujerespesca/>

Íslendingar eru framarlega á heimsvísu í jafnréttismálum en við eigum samt langt í land. Það væri frábært ef íslenskur sjávarútvegur yrði fremstur á þessu sviði eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Nú er lag að setja sér háleit markmið og vinna markvissat að þeim. Hverjir vilja vera fyrstir til að stíga stóru skrefin í sjávarútvegi, vera frumkvöðlar og jákvæðar fyrirmyndir ?

Konur í sjávarútvegi, styrkja hver aðra og hvetja til stórra verka. Við vitum að við erum færar í flestan sjó og tilbúnar að hafa meira vægi í ákvarðanatöku innan sjávarútvegsins. Við leggjum okkur fram um að styrkja sjávarútveginn, ávinningurinn er augljós og er hagur okkar allra.